

Litla pappírsdugga

*Ljóð eftir Alain Fanchon á eyggi Míritus.
Íslensk þýðing úr Esperanto eftir Kristján Eiríksson.*

Sigldu, sigldu litla pappírsdugga,
sigldu, sigldu hlaðin mínum draumum.

Ekkert hraðar þér á sundi siglir,
svífur þú fram hjá greinum, stráum, blöðum.
Ég hratt þér fylgi og hleyp á vatnsins bakka,
mitt hjarta og sál er bundið vegferð þinni,
í straumi vatnsins örlög okkar beggja.


Sigldu, sigldu litla pappírsdugga,
sigldu, sigldu hlaðin mínum draumum.

Úr strætómiða flagg þitt fagurt blaktir,
þá fyllir golan segl á eldspýtunni.
Mitt hjarta af ótta berst við báru stórar!
Hvert ber oss straumur, hvar er ósinn hinsti,
Er kannski þessi sigling sjónhverfing?

Sigldu, sigldu litla pappírsdugga,
sigldu, sigldu hlaðin mínum draumum.

Um hættur mestar er þér ókunnugt,
þótt ýmsir þeim hafi þegar mætt á vegi.
En mælt er að endurtaki sagan sig
og sýnt er því að stærri ógnum þú mætir,
en von mín og hugrekki þitt vísast sögunni breyta.

Sigldu, sigldu litla pappírsdugga,
sigldu, sigldu hlaðin mínum draumum.



2014

46 ans d'indépendance de l'île Maurice | 46 jaroj de sendependa Maŭricio